



Hraunfossar. Mynd: Jón R. Hilmarsson

Orlofshús 2014

Stéttarfélag Vesturlands óskar félagsmönnum þess að þeir njóti gleðilegs sumars og minnir um leið á kostina sem félagið býður upp á sumarið 2014.

Leiguverð orlofshúsa og orlofsíbúða er mjög hóflegt, eða kr. 19.000 fyrir vikuna, með einni undantekningu að leigan fyrir Kiðárskóg 10 verður kr. 22.000,

þetta er sama verð og sl. ár. Íbúð félagsins í Ásholti 2 í Reykjavík er ekki höfð með í sumarúthlutun og eru bæði leiguverð og úthlutunarreglur ótengd sumarorlofskostum.

Umsóknir um orlofshúsin þurfa að berast skrifstofu Stéttarfélagsins í Borgarnesi í síðasta lagi 23. apríl n.k. Gert er ráð fyrir að út-

hlutun liggi fyrir í síðasta lagi 30. apríl. Hafi leiga ekki verið greidd þann 12. maí, verður húsunum úthlutað öðrum og eftir 23. maí gildir reglan fyrstur kemur fyrstur fær.

Gerð er hér í stuttu máli og myndum grein fyrir þeim möguleikum sem í boði eru af hálfu félagsins sumarið 2014.

Gisting innanlands að eigin vali

Greiðum niður gistinótt um kr. 5.000 yfir sumarið en kr. 3.000 að vetrinum. Vinsældir íbúðarinnar í Ásholti 2 í Reykjavík eru gríðarlegar. Oft er þó eitthvað laust í miðri viku, þó helgar séu nær alltaf bókaðar u.þ.b. tvo mánuði fram í tímann. Stjórn orlofssjóðsins hefur verið að skoða möguleika til að bregðast við þessu og félaginu hefur boðist að leigja litla íbúð á sama stað. Eftir nokkrar vangaveltur er niðurstaðan sú að í stað þess að taka húsnæði á leigu eða kaupa gistimiða á einhver tiltekin hótél til að koma til móts við þarfir félagsmanna, þá ætla orlofssjóður að bjóða félagsmönnum sem þurfa að greiða fyrir gistingu á hóteli

eða gistiheimili, að koma með reikninginn á skrifstofu félagsins og sækja um niðurgreiðslu. Við munum þá greiða niður um kr. 3.000 hverja nótt, þó ekki meira en 50% af kostnaði og að hámarki 4 nætur á ári, hjá félagsmanni. Þetta mun gilda á tímabilinu frá 1. okt. til 30. apríl, en frá 1. maí til 30. sept. yrði endurgreiðslan að hámarki kr. 5.000 á nótt. Þá verður ekki boðið upp á Edduhótelamiða nk. sumar. Reikningar þurfa að vera löglegir og skráðir á nafn félagsmannsins. Rétt er að geta þess að þetta verður einungis vegna gistingar innanlands og gildir ekki vegna þeirra kosta sem félagið býður sjálft í íbúðum eða orlofshúsum.

Óbreytt verð á útilegu- og veiðikortum

Sumarið 2014 býður Stéttarfélag Vesturlands félagsmönnum að kaupa Útilegukortið sem veitir áfram aðgang að 46 tjaldsvæðum og Veiðikortið sem veitir nú aðgang að 36 veiðistöðum og þar af 11 á Vesturlandi..

Félagsmenn geta keypt útilegukortið á kr. 8.000.- og veiðikortið á kr. 4.000.- eða á sama verði og undanfarin ár.

Við prufuðum að bjóða golfkortið sl. sumar en mjög lítill áhugi var fyrir því þannig að það verður ekki til sölu hjá okkur að þessu sinni.

Hægt er að finna allar upplýsingar um kortin á www.veidikortid.is ,



www.utilegukortid.is.

Við hvetjum félagsmenn til þess að skoða landið og njóta gæða þess á sem ódýrasta hátt.

Kortin verða til sölu í allt sumar á skrifstofunni í Borgarnesi, félagsmenn í öðrum póstnúmerum en 310 geta fengið þau send heim ef þeir óska þess.

Stéttarfélag Vesturlands

Starfssvæði: Hvalfjarðarsveit Borgarbyggð Skorradalur
Eyja og Miklaholtshreppur Dalabyggð

Félagsfréttir

16. tölublað mars 2014

Ábyrgðarmaður: Signý Jóhannesdóttir.

Stjórn Stéttarfélags Vesturlands:

Signý Jóhannesdóttir, formaður, Sigurbór Óskar Ágústsson, varaformaður, Baldur Jónsson, ritari, Kristján Jóhannsson, vararitari, Áslaug Þorvaldsdóttir, meðstjórnandi, Jónína Guðrún Heiðarsdóttir, meðstjórnandi. Aðrir meðstjórnendur og formenn deilda: Ívar Örn Hauksson, form. IMS-deildar, María Erla Guðmundsdóttir, form. MFP-deildar, Elín Guðrún Tómasdóttir, form. DRS-deildar, Guðbrandur Magnússon, form. ISD-deildar, Einar O. Pálsson, form. DVS-deildar.

Ölfusborgir

Sumarhús félagsins í Ölfusborgum er alltaf jafn vinsælt. Á glæsilegri veröndinni, sem er afgirt, er heitur pottur og gasgrill. Svefnadstaða er fyrir 6-8 manns, sængur og koddar f. 8 og borðbúnaður f. 8. Húsið er búið öllum venjulegum búnaði fyrir 6 til 8 manns. Í Hveragerði, sem er í göngufjarlægð frá bústaðnum, er alla þjónustu að finna og svo er líka stutt að skreppa á Selfoss sem er í ca 5 mín. akstursfjarlægð. Einnig er stutt að keyra t.d. á Stokkseyri, Eyrarbakka, Þorlákshöfn og í uppsveitir Árnesýslu þar sem margt skemmtilegt er að skoða. Sem dæmi má nefna Draugasafnið á Eyrarbakka eða Dýragarðinn í Slakka, boðið er upp á kajaksiglingar frá Stokkseyri og flúðasiglingar niður Hvítá. Með tilkomu Landeyjahafnar



skapast kostur á skemmtilegri ferð með Herjólfu til Vestmannaeyja. Ef keypt er ferð með Herjólfu bendum við þér á að geyma kvittunina, því við endurgreiðum þér 50% af þeim kostnaði. Við vekjum einnig athygli á því að hægt er að fá ýmsa þjónustu keypta hjá Heilsustofnun NLFÍ sem er í næsta nágrenni.

Orlofshúsið við Ölfusborgir stendur félagsmönnum til boða í sumar í vikulegu frá 30. maí til 29. ágúst.



Nónhvammur við Búrfell

Stéttarfélag Vesturlands býður aftur nýlegan sumarbústað í Grímsnesinu, sem félagið hefur nú í sumarleigu þriðja árið í röð. Bústaðurinn er í hlýlegum hvammi vestan við Nónhóla í Búrfellslandi. Fallegur staður, útsýni er gott til suðurs og vesturs frá bústaðnum og til allra átta ofan af Nónhólum.

Bústaðurinn var byggður 2008 og er 77.8 m². Í honum eru þrjú svefnherbergi og auk þess er svefnsófi í stofu. Svefnpláss er fyrir 8 fullorðna. Átta sængur og koddar eru í húsinu, barnarúm og barnastóll. Leigjendur verða að koma með sængurver, koddaver, lök og handklæði. Í eldhúsi eru öll helstu tæki og áhöld fyrir matargerð, örbylgjuofn og uppþvottavél. Á baði er þvottavél. Sjónvarp,

DVD og útvarp eru í stofu. Fyrir utan er rúmgóð verönd, heitur pottur, gasgrill og garðhúsgögn. Bústaðurinn Nónhvammur er um 65 km og 45 mín akstur frá höfuðborginni, 18 km frá Selfossi.

Aðrar helstu vegalengdir: Verslun og sundlaug á Borg (10km) og á Selfossi (20km). Golfvelli á Kiðjabergi (10km) og Selfossi. Skálholt (20km), Geysir (30km), Gullfoss (40km), Sog og virkjanir (10km), Þingvellir (30km).

Með tilkomu Landeyjahafnar skapast kostur á skemmtilegri ferð með Herjólfu til Vestmannaeyja. Ef keypt er ferð með Herjólfu bendum við þér á að geyma kvittunina, því við endurgreiðum þér 50% af þeim kostnaði.

Húsið stendur félagsmönnum til boða frá 30. maí til 29. ágúst.

Helstu atriði í kjarasamningunum

Félagsmenn í Stéttarfélagi Vesturlands sem eiga aðild að deild Verslunar- og skrifstofufólks og Iðnaðarmannadeild samþykktu kjarasamninginn frá 21. desember sl. Þeirra kjarasamningur gildir því frá 1. janúar 2014.

Helstu atriði þeirra samninga eru eftirfarandi:

* Almenn hækkun:

Laun hækka um 2,8% frá 1. janúar 2014, þó að lágmarki kr. 8.000 á mánuði fyrir dagvinnu miðað við fullt starf. Aðrir kjaratengdir liðir hækka um 2,8% á sama tíma.

* Sérstök hækkun lægstu launa:

Launataxtar undir 230.000 kr. á mánuði hækka sérstaklega um kr. 1.750 og hækka þeir því samtals um kr. 9.750.

* Lágmarkstekjur:

Lágmarkstekjur fyrir fullt starf eru kr. 214.000 frá 1. janúar 2014 fyrir starfsmenn 18 ára og eldri sem starfað hafa fjóra mánuði samfellt hjá sama fyrirtæki.

Verkafólkið á almennum markaði sem tilheyrir Starfsgreinasambandi Íslands felldi samninginn og samþykkti síðan sáttatillögu ríkissáttasemjara. Hún fól í sér að í stað þess að launabreytingar í samningnum gildi frá 1. janúar, kemur eingreiðsla fyrir janúar kr. 14.600 miðað við fullt starf.

* Almenn hækkun frá 1. feb:

Taxtakerfi SGS hækkar samkvæmt launatöflu og getur það legið á bilinu 9.565 - 10.339 kr. eftir því hvar í taxtakerfinu laun-

in raðast. Meðaltalshækkun mánaðarlauna undir kr. 230.000 er kr. 9.750.

Önnur laun yfir kr. 230.000 hækka um 2,8% frá 1. febrúar 2014, þó að lágmarki kr. 8.000 á mánuði fyrir dagvinnu miðað við fullt starf. Aðrir kjaratengdir liðir hækka um 2,8% á sama tíma.

Á sama hátt eru lágmarks tekjur fyrir fullt starf kr. 214.000

- Orlofsuppbótin fer úr 28.700 krónum í 39.500

- Desemberuppbótin fer úr 52.100 krónum í 73.600

- Samtals kr. 32.200 hækkun frá fyrri samning

- Samningstíminn lengist um tvo mánuði

Stefnt er að því að ljúka sem fyrst viðauka við samning Verslunar-

fólks og Iðnaðarmanna þannig að orlofs- og desember uppbætur verði þær sömu og hjá verkafólki gegn því að samningstíminn verði samræmdur.

Rétt er að vekja sérstaka athygli launagreiðenda á því að framlög til fræðslu og starfsmenntasjóða hækka um 0,10% og kemur sú hækkun til framkvæmda sem hér segir:

- 1. janúar 2014 til Landsmenntar og Starfsafls

- 1. júní 2014 til fræðslusjóða iðnaðarmanna

- 1. janúar 2015 til Starfsmenntasjóðs verslunar- og skrifstofufólks

Kiðárskógur 10, Húsafelli

Sumarið 2014 býður Stéttarfélag Vesturlands félagsmönnum sínum upp á orlofshúsið í Kiðárskógi 10 í Húsafelli. Kiðárskógur 10 er 94 fm auk svefnlofts. Gisti aðstaða er fyrir 8 á neðri hæð. Á svefnlofti eru 3 rúm og nokkrar dýnur.



Húsið er búið öllum venjulegum búnaði ásamt heitum potti á palli. Í Húsafelli er sundlaug, níu hól golfvöllur og á laugardagskvöldum yfir hásumarið er tendraður varðeldur í Hátíðarlundi þar sem sumarhúsagestir og gestir á tjaldsvæði safnast saman. Fyrir neðan sundlaugin er skemmtilegt leiksvæði með leiktækjum frá Barnasmíðjunni og á tjaldsvæðinu er

körfuboltagrind, tvö fótboltamörk og strandblakvöllur. Ótal áhuga-verðar gönguleiðir er einnig að finna um Húsafell og nágrenni. Verslun og veitingastaður eru á svæðinu sem eru opin alla daga yfir sumartímann.

Orlofshúsið stendur félagsmönnum til boða í vikuleigu í sumar frá 30. maí til 29. ágúst.



Viltu prófa að gerast ferðamaður í höfuðborginni?

Viltu prófa að gerast ferðamaður í höfuðborginni?

Íbúð félagsins í Ásholti 2 í Reykjavík er í stóru fjölbýlishúsi þar sem á annan tug íbúða eru í eigu stéttarfélaga. Hún er fjögurra herbergja og er því mjög rúmgóð en svefnaðstaða er fyrir 6 (plús tvíbreið dýna). Íbúðinni fylgir stæði í bílageymslu, þar sem mjög góð þvottaaðstaða er fyrir bíla. Þvottahús með vönduðum tækjum er í sameign. Eigninni fylgir líka fallegur lokaður garður og er hægt að ganga beint úr íbúðinni út í garðinn þar sem til staðar er útigrill, borð og stólar. Húsfélagið hefur í sinni þjónustu mann sem sér um alla sameignina og er eignin annáluð fyrir snyrtimennsku á allan hátt.

Inngangur í Ásholtið er frá Laugavegi og stendur húsið rétt austan við Hlemm, það er því á mjög

góðum stað og miðborgin í þægilegu göngufæri með öllu því sem hún hefur upp á að bjóða í menningu, veitingastöðum og annarri þjónustu.

Íbúðin er ekki til úthlutunar eins og sumarhúsin, hér gildir reglan fyrstur kemur fyrstur fær. Eina skilyrðið er að helgar eru aðeins leigðar frá föstudegi til sunnudags. Þar sem íbúðin er mjög eftirsótt er rétt að geta þess að skynsamlegt er að bóka með nokkrum fyrirvara. Oft eru helgar bókaðar tvo mánuði fram í tímann, en hægt er að fá virka daga með styttri fyrirvara. Leiguverðið er afar hóflegt en félagsmenn greiða fyrir helgina kr. 10.000, kr. 3.500 fyrir virka viðbótarnótt, stök nótt í miðri viku kostar kr. 4.500 og heil vika er leigð á kr. 21.000. Hægt er að fá leigð rúmföt og handklæði og þarf að geta þess við bókun.



Með Herjólfí á hálfvirði!

Við höldum áfram að bjóða þennan kost, enda var þetta vinsælt í fyrra. Minnum á að koma þarf með kvittun fyrir greiðslu á fargjaldinu.

Félagsmenn í Stéttarfélagi Vesturlands geta skotist til Vestmannaeyja með Herjólfí á hálfu gjaldi. Við höfum þann hátt á eins og í mörgu öðru að félagsmaður þarf að leggja út fyrir fargjaldinu en kemur svo á skrifstofuna þeg-

ar hann hefur farið í ferðina og fær endurgreitt. Koma þarf með reikning, eða greiðslukvittun úr bókonarkefi Herjólfis þar sem fram kemur nafn og kennitala félagsmannsins. Endurgreiðslan gildir fyrir félagsmanninn ásamt fjölskyldu og fjölskyldubíl. Ekki þarf að sækja um þennan kost fyrirfram.

Nú er um að gera að drífa sig til Eyja!



Furulundur 8o, Akureyri

Íbúð Stéttarfélags Vesturlands að Furulundi 8-o hefur svefnpláss fyrir 6 - 7 manns og er búin öllum venjulegum búnaði fyrir allt að 7 manns. Þetta er 3ja herb. íbúð á jarðhæð í fjölbýlishúsi þar sem eingöngu eru orlofsíbúðir í eigu stéttarfélaga. Íbúðin er í góðu ástandi og á það einnig við um allan húsbúnað. Stór afgirt verönd er við íbúðina þar sem einnig er útigrill.

Íbúðin er í hjarta bæjarins þar sem stutt er í sundlaug Akureyrar og miðbæinn. Á Akureyri er alla mögulega þjónusta að finna, einnig er þar ríkt menningarlíf. Þar er nyrsti 18 hól golfvöllur í heimi, Jaðarsvöllur. Kjarnaskógur er fjölbreytt útivistarsvæði með

alhliða möguleikum til hollrar útivistar. Þar eru tveir blakvellir sem ætlaðir eru almenningi og ýmis leiktæki fyrir börn og fullorðna. Góð grillaðstaða er þar fyrir almenning og er mjög vinsælt hjá fjölskyldum og hópum að safnast saman í Kjarna, grilla og eiga saman góðar stundir við leiki og náttúruskoðun. Með tilkomu Héðinsfjarðargangna hefur opnast möguleiki að fara Tröllaskagahring, sem er þá mótvægi við hinn margrómaða Mývatnsring. Sjá nánari upplýsingar á www.akureyri.is

Íbúðin stendur félagsmönnum til boða í vikuleigu frá 30. maí til 29. ágúst.

Tilraun til að mynda grundvöll að stöðugleika

Flest stéttarfélög í landinu voru með lausa kjarasamninga öðru hvoru megin við sl. áramót. Við undirbúning kröfugerðar hjá þeim félögum sem heyra undir ASÍ, kom í ljós að félagsmenn vildu reyna að ná kjarasamningum sem skiluðu auknum kaupmætti og stöðugleika, ásamt því að lægstu laun fengju sérstaka hækkun. Hvernig átti að uppfylla þær óskir?

Kjarasamningarnir sem undirritaðir voru 21. desember sl. eru tilraun af hálfu aðildarféлага ASÍ til að fíkra okkur inn í nýja hugsun. Þá hugsun að verðbólga sé ekki lögmál sem takast þarf á um sem sögulega staðreynd, heldur er hægt að horfa fram á veginn og hafa áhrif á verðbólguvæntingar og breyta hegðun í samfélaginu. Samtök atvinnulífsins og fyrirtækin innan þeirra raða þurfa að bera ábyrgð með okkur á þessari leið. Ríkisvaldið og sveitarfélögin þurfa líka að endurhugsa sínar aðferðir.

Svör eins og þau sem sum sveitarfélögin á starfsvæði Stéttarfélags Vesturlands gáfu við áskorun um að hækka ekki gjaldskrár um sl.

áramót á þá leið að það hefði ekkert verið hækkað bara uppreiknað miðað við breytingar á verðlagi, þannig svör eru einmitt það sem við þurfum að vinna ofan af.

Verðbólguþæðingun í febrúar upp á 2.1% sýndi betri árangur en samningsaðilar þorðu að vona, gert var ráð fyrir að ná verðbólgu niður í 2.5 -2.6%, en það þarf að standa á bremsunni til að missa ekki tókin á verðbreytingum í umhverfinu. Þar skipta aðgerðir stjórnsvalda og Seðlabankans ekki síst máli, hvernig verður peningastefnan og hvernig haga menn gengisstefnunni?

Almenningur verður líka að vera á verði og hjálpa til við að vakta verðhækkanir, aðeins með samstilltu átaki getum við náð að koma böndum á þennan draug, sem hefur reynst okkur svo skeinuhættur.

Þegar í ljós kom í janúar sl. að nær helmingur þeirra launamanna sem tilheyrir ASÍ felldi samninginn frá 21. desember, þá vöknudu upp spurningar um það hvort ákall um stöðugleika, lága vexti og aukinn kaupmátt ættu ekki við, var það eitthvað annað sem félagsmenn



vildu. Vissulega voru líka háværar raddir sem töluðu gegn þessum samningum og þær komu ekki síst úr okkar eigin ranni.

Félagsmenn í Stéttarfélagi Vesturlands skiptust í tvær fylkingar við afgreiðslu samninganna. Verslunarmenn og Iðnaðamenn samþykktu, en verkafólkið felldi. Þegar kom síðan að því að ganga frá nýjum samningi fyrir verkafólkið okkar, þá bar öllum saman um það sem að málinu komu að finna þyrfti leið sem gæti líka gagnast þeim sem samþykktu samningana. Leið sem skilaði betri stöðu án þess þó að raska meginmarkmiði samningsins.

Ég tel að það hafi tekist og segja má að nú sé búið að koma á kjara-

samningi hjá þorra aðildarféлага ASÍ, hjá þeim félagsmönnum sem starfa á almennum markaði. Þá vakna spurningar um framhaldið: Hverjir bera ábyrgð á verðbólgunni og stöðugleikanum?

Hvaða hlutverk leikur sá hluti vinnumarkaðarins sem ekki hefur ennþá samið?

Geta laun annarra, hækkað um 10%, 20% eða jafnvel 50% án þess að stöðugleikanum sé ógnað. Varðar þennan hluta vinnumarkaðarins ekkert um þjóðarhag?

Hvaða vextir eru á lánum þessara hópa, hvað kostar matarkarfan hjá þeim, hver er verðbólgan í þeirra mælingum? Er bættur kaupmáttur e.t.v. ekki í þeirra kröfugerð?



Í tyrkneskri höfn.

Ferðafrelsi 50x20.000

Sumarið 2014 býður Orlofsfjórðungur Stéttarfélags Vesturlands allt að 50 félagsmönnum að fá endurgreiðdan hluta kostnaðar við sumarleyfi á eigin vegum. Endurgreiðslan getur numið allt að kr. 20.000, þó ekki meira en 50% af reikningi. Þetta kemur í stað orlofsávisana og geta þeir sem ekki

hafa fengið úthlutað sumarhúsi eða keypt orlofsávisanir sl. tvö ár átt rétt á úthlutun.

Félagsmaður sækir um þennan kost eins og um sumarhúsin, hann fær svo staðfestingu á því að hann hafi fengið úthlutun, bókar sína leigu á sumarhúsi (gildir ekki um þá kosti sem Stétt Vest býður),

tjaldvagni eða greiðir fargjald, hvort sem er innanlands eða erlendis. Allt eftir óskum hvers og eins. Þegar ferðin hefur verið farið kemur félagsmaður með staðfestinguna og löglega útgefinn reikning fyrir ferðalaginu og fær endurgreitt. Þetta gildir fyrir ferðir sem farnar eru eftir 1. maí í ár

og koma þarf með reikninga fyrir árslok 2014.

Athugið að á reikningi þarf að koma fram nafn og kennitala félagsmannsins og einnig nafn og kennitala þess sem gefur reikninginn út ásamt númeri reikningsins og upphæð þess sem greitt er fyrir.



Stéttarfélag Vesturlands

Umsókn um orlofskosti sumarið 2014

Umsækjandi: _____ Kennitala: _____

Heimili: _____ Póstfang: _____

Vinnustaður: _____ Heimasími: _____ Farsími: _____

Hér fyrir neðan er gefinn kostur á að sækja um eina viku með allt að þremur valmöguleikum um stað og tímabil.
Merkið með tölunni 1 fyrir fyrsta val en 2 eða 3 fyrir varaval.

Valkostur	Vika												
	1	2	3	4	5	6	7	8	9	10	11	12	13
	30. maí til 6. júní	6. júní til 13. júní	13. júní til 20. júní	20. júní til 27. júní	27. júní til 4. júlí	4. júlí til 11. júlí	11. júlí til 18. júlí	18. júlí til 25. júlí	25. júlí til 1. ágúst	1. ágúst til 8. ágúst	8. ágúst til 15. ágúst	15. ágúst til 22. ágúst	22. ágúst til 29. ágúst
Furulundur-Akureyri													
Ölfusborgir													
Nónhvammur - Grímsnesi													
Húsafell - Kiðárskógur 10													

Ferðafrelsi 50x20.000	Sótt er um endurgreiðslu vegna sumarleyfis að eigin vali, allt að kr. 20.000, þó ekki meira en 50% af kostnaði. Skila þarf inn löglegum reikningi þar sem fram kemur nafn og kennitala félagsmanns og einnig þess sem gefur reikninginn út. Þetta gildir fyrir ferðir sem farnar eru eftir 1. maí í ár og koma þarf með reikninginn fyrir árslok 2014.
-----------------------	--

Síðasti skiladagur umsókna er 23. apríl 2014

Stéttarfélag Vesturlands - Sæunnargötu 2a - 310 Borgarnes
- sími 430 0430 - fax 430 0431 - netfang: stettvest@stettvest.is -

Stéttarfélag Vesturlands
Alþýðuhúsinu,
Sæunnargötu 2a
310 Borgarnes

Fyrir
frimerki

Stéttarfélag Vesturlands




Aðalfundur Stéttarfélags Vesturlands verður þriðjudaginn 13. maí 2014

Nánar auglýst síðar

Aðalfundir deilda félagsins verða 25. mars 2014

Heimasíða félagsins er www.stettvest.is



Stéttarfélag Vesturlands

**Skrifstofur Stéttarfélags Vesturlands
eru opnar eins og hér segir:**

Borgarnes - sími 430 0430

Alþýðuhúsinu, Sæunnargötu 2a, í Borgarnesi
alla virka daga frá kl. 8:00-16:00

Búðardalur - sími 430 0435

Miðbraut 11, Búðardal
annan hvern fimmtudag frá kl. 9:30-12:30
(nánar útlistað á heimasíðu félagsins)

Hvalfjarðarsveit - sími 430 0436

Innrimelur 3, Stjórnsýsluhúsið
föstudaga frá kl. 8:30-16:00

Við minnum á símann 430 0430 - fax 430 0431 - netfang: stettvest@stettvest.is